


Menntamálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/757
komudagur 31.1.2005



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKFRÆÐIDEILD

Reykjavík, 27. janúar 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Stefnt er að því að nýr sameinaður Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík hefji kennslu í verkfræði. Tækniháskólinn hefur kennt tæknifræði en Háskólinn í Reykjavík hefur kennt tölvunarfræði. Hvorugur þessara skóla hefur kennt verkfræði. Annars staðar á Norðurlöndum eru tæknifræðingar tvöfalt fleiri en verkfræðingar en hér er þessu öfugt farið. Það er því mun meiri þörf að fjölga nemendum í tæknifræði en að reyna að fjölga verkfræðingum fram yfir það sem Háskóli Íslands stefnir í.

Verkfræðideild Háskólans vill einnig benda á að hæfnisdómar núverandi lektora og dósentna við Tækniháskóla Íslands miðuðu við að þeir kenndu tæknifræði en ekki verkfræði. Ekki voru gerðar sömu kröfur til þeirra og gerðar eru til kennara við verkfræðideildir á alþjóðavettvangi sem og við verkfræðideild Háskóla Íslands.

Verkfræðideild bendir á að fjármunir og mannaflí á Íslandi er takmarkaður. Skortur er á hæfum verkfræðikennurum og því oft erfitt að bjóða nauðsynleg framhaldsnámskeið. Það er hæpið að ætla, að tveir skólar á Íslandi geti haldið uppi fullgildu meistaranámi, sem stenst samjöfnuð við góða erlenda verkfræðiháskóla. Mikil nauðsyn er að nýta góða vísinda- og tækniþekkingu sem best og skapa framúrskarandi aðstöðu til rannsókna, sem standast alþjóðlegar gæðakröfur. Háskólar á Íslandi eru flestir örsmáar einingar á alþjóðamælikvarða. Sameining í eina stofnun styrkir stjórnun og nýtingu fjármagns, öflun og rekstur tækjabúnaðar og eflingu þekkingar á þessu sviði.

Nemendur með stúdentspróf og hafa fullnægjandi undirbúning í stærðfræði og raunvísindum eru ekki nægjanlega margir til að standa undir verkfræðinámi í tveimur skólum á Íslandi.

Einn verkfræðiskóli verður faglega sterkari og mun geta veitt öflugri þjónustu en nokkrir dreifðir skólar sem keppa um takmarkað fjármagn. Skólinn mun geta byggt upp meiri sérhæfingu og breidd til að fást við mismunandi viðfangsefni og taka þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum á vegum ESB eða annarra alþjóðlegra samtaka sem máli skipta.

F. h. verkfræðideildar Háskóla Íslands,

Sigurður Brynjólfsson, deildarforseti